

Grindavíkurbær
Árman Halldórsson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík 29. ágúst 2018
UST201807-010/B.S.
10.04.03


Efni: Undirbúningur deiliskipulags - Staður í Grindavík. Umsögn


Vísað er til bréfs Grindavíkurbæjar dags. 2. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögur um að reisa mannvirki ofan fjörunnar við Stað í Grindavík. Beðið var með að afgreiða þetta mál þar til hagsmunaaðilar hefðu kynnt Umhverfisstofnun málið en sú kynning fór fram á fundi 24. ágúst sl. Fyrirhuguð framkvæmd er innan svæðis nr. 105 á náttúruminjaskrá. Verndargildi svæðisins er talið vera: „Fjörur, fjölbreyttur strandgróður og fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, athyglisverður hraunkantur með sjávartjörnum.“

Fyrirhugað er að koma fyrir 9 stakstæðum smáhýsum ásamt stærri samkomubyggingu. Húsin verða grunduð á stálteinum sem boraðir verða niður í bergið. Allar lagnir verða ofanjarðar og komið fyrir í göngubrú sem einnig verður grunduð með stálteinum. Gert er ráð fyrir að hreinsa bæði grávatna og vatn úr skólpi, en þurrefni úr skólpi verða flutt burt. Gert er ráð fyrir að framkvæmdin verði sem næst afturkræf. Sambærilegri aðferð hefur verið beitt við byggingu í Noregi.

Umhverfisstofnun telur að unnt eigi að verða að koma umræddum mannvirkjum fyrir án þess að af því hljótist rask. Bent skal á að gerð hefur verið sjóvörn við ströndina og sjást ekki mikil ummerki um þá framkvæmd. Umhverfisstofnun telur mjög jákvætt að gerðar séu tilraunir sem miða að því að draga úr ummerkjum mannvirkjagerðar og að framkvæmdir séu eins afturkræfar og kostur er eins og ráðgert er í því tilviki sem hér um ræðir. Umhverfisstofnun telur ekki að umrædd framkvæmd muni hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðis nr. 105 á náttúruminjaskrá. Bent er á að við gerð deiliskipulags verði sett í greinargerð skilmála um að framkvæmdin verði með þeim hætti sem lýst er í bréfi Grindavíkurbæjar dags. 2. júlí sl.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Agnar Bragi Bragason
Teymisstjóri